



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

***Samstarfssamningur um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu
2020-2024***

Á fundi samstarfsnefndar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um markaðssamstarf gagnvart erlendum gestum þ. 3. október sl. var ákveðið að mæla með áframhaldandi samstarfi og á grunni þess var sameinast um drög að nýjum samsstarfssamningi um markaðsstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu 2020-2024. Fyrirvari er gerður við tímalengd samstarfsins verði breytingar gerðar á eignarhaldi og fyrirkomulagi Höfuðborgarstofu. Framlag Höfuð borgarstofu til samstarfsins á þessu ári er innan fjárheimildar ársins. Framlag næstu ára eru ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Samningurinn er hjálagður og sendur borgarráði til kynningar.

Arna Schram
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samstarfssamningur um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu 2020-2024

Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg gera með sér svofelldan

SAMSTARFSSAMNING

um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu

1 Markmið

Markmið þessa samnings er að vinna að aukinni dreifingu ferðamanna um höfuðborgarsvæðið og stuðla að betri nýtingu hvers kyns afþreyingar og þjónustu á svæðinu í heild. Vörumerkið Reykjavík er þekkt og með því að vinna sameiginlega að kynningu undir sameiginlegu vörumerki Reykjavík Loves má efla svæðið enn frekar sem eftirsóknarverðan áfangastað fyrir erlenda ferðamenn.

Verkefnið byggir á samstarfi sveitarfélaganna frá 2005 um markaðsstarf, viðburði og upplýsingamiðlun til erlendra ferðamanna. Það samstarf var eflt til muna 2013 á vettvangi Samtaka sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) þegar ákveðið var að kynna höfuðborgarsvæðið í heild undir vörumerkinu Reykjavík Loves. Samningur þessi gildir til fjögurra ára, þ.e. frá janúar 2020 til desember 2024 og byggir á eldri samningi sem undirritaður var á vettvangi SSH árið 2016.

2 Framkvæmd og samráð

2.1 Höfuðborgarstofa er framkvæmdaraðili samkvæmt samningi þessum og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í þessum kafla og ákveðin eru í samstarfsnefnd sveitarfélaganna innan hvers fjárhagsárs. Samstarfsaðilar bera ábyrgð á að leggja til upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftir því sem við á.

2.2. Allir samstarfsaðilar eiga einn fulltrúa í samstarfsnefnd verkefnisins sem fundar að jafnaði mánaðarlega frá september til maí eða þegar tveir nefndarmanna eða fleiri óska þess. Fulltrúi Reykjavíkur í samstarfsnefnd er formaður nefndarinnar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að meta framgang samstarfsins og standa vörð um að unnið sé í samræmi við markmið þess. Samstarfsnefnd tekur ákvörðun um ráðstöfun fjármagns til verkefna. Í september ár hvert fer fram mat á verkefninu á fundi

samstarfsnefndar. Samstarfsnefnd heldur fundargerðir um þær ákvarðanir sem teknar eru. Öll gögn eru vistuð hjá Höfuðborgarstofu. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

2.4 Framkvæmd og verkefni

- Samstarf í markaðs- og kynningarmálum.
 - Markaðsáætlun unnin fyrir svæðið í heild.
 - Markhópagreining gerð fyrir svæðið í heild.
 - Sameiginlegur myndabanki með ímyndarmyndum sem samstarfsaðilar geta nýtt við markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu.
 - Framleiðsla og útgáfa markaðsefnis til að kynna höfuðborgarsvæðið sem áfangastað undir merkjum Reykjavík Loves.
 - Sameiginlegur vefur (visitreykjavik.is), samfélagsmiðlar og viðburðadagatal.
 - Birtingaáætlun fyrir vörumerkið Reykjavík Loves til eins árs í senn.
 - Sameiginlegar og sértækar birtingar ákveðnar af samstarfsnefnd hverju sinni.

3 Framlög, uppgjör og reikningshald

3.1 Samstarfsnefnd skilar starfs- og verkefnaáætlun fyrir 1. október ár hvert sem varðar veginn fyrir samstarf næsta árs. Höfuðborgarstofa ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu innan sameiginlegrar fjárhagsáætlunar ársins sem samstarfsnefnd hefur samþykkt. Höfuðborgarstofa skal skila fjárhagsáætlun til samþykktar hjá samstarfsnefndinni fyrir 1. nóvember ár hvert og samantekt á verkefnum ársins eigi síðar en 1. mars árið eftir. Áætlanir þessar þarf að samþykkja með auknum meirihluta að viðstöddum fulltrúum allra sveitafélaga sem að samstarfinu koma. Aukinn meirihluti telst 2/3 hluti samstarfsnefndar. Aðrar minniháttar ákvarðanir má taka þó svo að ekki séu mættir fulltrúar allra sveitarfélaga sem eru aðilar að samningi þessum, enda sé það nauðsynlegt.

3.2 Samkvæmt samningi þessum eru framlög samstarfsaðila endurskoðuð á ársgrundvelli og skal fjárframlag hvers aðila liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst hvert ár. Hlutfall fjárframlags hvers samstarfsaðila af heildar ráðstöfunarfé verkefnisins er við upphaf samnings sem hér segir:

- Reykjavík 50%
- Hafnarfjarðarbær 15%
- Kópavogsbær 15%
- Garðabær 7%
- Mosfellsbær 7%
- Seltjarnarnesbær 5%

Hlutfalli þessu verður ekki breytt nema með einróma samþykki allra sveitafélaga sem að samstarfinu koma. Hverju sveitarfélagi fyrir sig er frjálst að setja aukið fjármagn í markaðastarf undir sameiginlegum merkjum samstarfsins, Reykjavík Loves, t.a.m. með auknum birtingum og heldur þá sjálft utan um þá vinnu sem af því hlýst.

3.4 Framlag Reykjavíkurborgar er m.a. í formi vinnu starfsmanna um utanumhald og framkvæmdir, umsjón og þróun vefs og spjallmennis, samstarf og árgjald til Iceland Naturally, árlegt gjald vegna myndabanka og ferðasýningar. Framlög geta verið breytileg frá ári til árs sbr. grein 3.1.

3.5 Framlög skulu greiddast til Höfuðborgarstofu með jöfnum greiðslum 1. maí og 1. september á hverju ári og mun Höfuðborgarstofa senda út reikninga.

4 Vanefndir og ágreiningur

Samstarfsaðilar staðfesta með undirritun sinni skuldbindingu til að standa við greiðslur sem skilgreindar eru í viðauka við samning sem uppfærður er á ársgrundvelli, og veitta þjónustu á gildistíma samningsins. Ágreining skal leitast við að leysa á vettvangi samstarfsnefndar. Gerist samstarfsaðili brotlegur við ákvæði samnings þessa skal fjalla um málið og hugsanlegar afleiðingar vanefnda á fundi samstarfsnefndar. Ef slíta á samstarfi við sveitarfélag sem er aðili að þessum samningi, eða beita vanefndarúrræði, telst það meiriháttar ákvörðun sem samþykkja þarf með auknum meirihluta að viðstöddum fulltrúum allra sveitafélaga sem að samstarfinu koma. Sveitarfélag getur þó sjálft tekið ákvörðun um hvort það vilji slíta samstarfi þessu. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2020 til 31. desember 2024. Vilji samstarfsaðilar segja upp samningnum skal uppsögn tilkynnt skriflega til formanns samstarfsnefndar fyrir 1. október. Þá tekur uppsögnin gildi frá og með næstu áramótum á eftir.

Af samningi þessum er gert og undirritað eitt eintak fyrir hvern samstarfsaðila og heldur hver aðili einu eintaki fyrir sig.

Reykjavík xx.xx.2020